

REGLUGERÐ

um sölu og meðferð á flugeldum og öðrum skoteldum.

1. gr.

Enginn má selja flugelda eða aðra slíka skotelda, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi slökkviliðsstjóra (brunamálanefndar, þar sem ekki er sérstakur slökkviliðsstjóri).

Í leyfi getur slökkviliðsstjóri (brunamálanefnd) sett þau skilyrði um umbúnað, sem hann telur af öryggisástæðum nauðsynleg.

2. gr.

Öllum flugeldum og öðrum slíkum skoteldum, sem hafðir eru til sölu, skulu fylgja prentaðar leiðbeiningarreglur á íslenzku. Þar skal sérstaklega tekið fram, ef óráðlegt þykir, að börn eða unglingar innan 16 ára meðhöndli þá. Bannað er að selja eða afhenda þá barni eða unglingi innan 16 ára, ef slíks er getið í leiðbeiningum.

3. gr.

Bannað er að selja flugelda og annars konar skotelda til almennings, nema á tímabilinu 27. desember til 6. janúar, að báðum dögum meðtöldum. Slökkviliðsstjóri (brunamálanefnd) getur þó veitt undanþágu frá því, ef hann telur ástæðu til.

Bann samkv. 1. mgr. nær ekki til skipa, björgunarsveita eða annarra aðila, sem líkt stendur á um.

4. gr.

Á öllum flugeldum skal þess getið, hvaða ár þeir eru framleiddir, og er bannað að hafa til sölu flugelda, sem eru meira en tveggja ára gamlir.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 30000.00 kr. Ef maður hefur í vörzlum sínum flugelda eða aðra slíka skotelda, þannig að brjóti í bág við reglugerð þessa, er heimilt að gera þá upptæka.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 21. gr. laga nr. 37/1948, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 7. desember 1964.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.